



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM SAFNANÓTT 2019

Í dag, föstudaginn 8. febrúar, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Vetrarhátíð og Safnanótt 2019. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu milli klukkan 19:00 og 22:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist, og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Gestir munu geta skoðað Bessastaðastofu alla sem og móttökusal og bókhöfu forsetasetursins. Þá mun fyrsti forsetabíllinn, Packard bifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði Bessastaða en bifreiðin er ríflega sjötug, árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta verða til leiðsagnar auk þess sem nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og nemar í fornleifafræði við Háskóla Íslands verða gestum til aðstoðar.

8. febrúar 2019

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400),
Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Friðbjörn Möller,
umsjónarmaður fasteigna (863 6963).*